



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. P 135/1426
komudagur 15.2.2008

Reykjavík, 13. febrúar 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM BREYTINGU Á LÖGUM NR.
116/2006 UM STJÓRN FISKVEIÐA, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM
135. LÖGGJAFARÞING 2007–2008, 272. MÁL.**

Mannréttindaskrifstofan hefur farið yfir fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Skrifstofan telur frumvarpið í samræmi við mannréttindaákvæði stjórnarskrár, Mannréttindasáttmála Evrópu og ákvæði annarra alþjóðlegra mannréttindasamninga sem Ísland á aðild að.

Mannréttindaskrifstofan vill í þessu samhengi vekja athygli á álitum Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í máli nr. 1306/2004: *Erlingur Sveinn Haraldsson og Örn Snævar Sveinsson gegn Íslandi*, þar sem nefndin úrskurðaði að íslensk lög um stjórn fiskveiða brytu í bága við alþjóðasamning um borgarleg og stjórnmálaleg réttindi. Mannréttindaskrifstofan áréttar að íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig að þjóðarrétti til að virða úrskurðarvald nefndarinnar í kærumálum um meint brot á samningnum og til að fara að tilmælum hennar.

Mannréttindaskrifstofan hvetur því stjórnvöld til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða til að tryggja að þau brjóti ekki í bága við stjórnarskrá og alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar íslenska ríkisins.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri